

GÆÐASTEFNA

Fyrirtækið hefur komið upp gæðastjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ÍST ISO 9001 gæðastjórnunarstaðalsins, lög og reglur sem gilda um starfsemina og er í samræmi við viðteknar venjur í starfsgreininni. VSÓ hefur skilgreint gæðastefnu sem hæfir tilgangi fyrirtækisins sem ráðgjafafyrirtæki.

Framkvæmdastjóri VSÓ sér til þess að allir starfsmenn þekki og skilji gæðastefnuna og hafi hana að leiðarljósi í sínu starfi. Framkvæmdastjóri, sviðsstjórar og verkefnastjórar bera ábyrgð á að gæðastefnunni sé framfylgt hver á því sviði sem þeir hafa umsjón með.

Stefna VSÓ Ráðgjafar er að:

- Vera traust og ábyrgt fyrirtæki sem veitir viðskiptavinum sínum faglega og hagkvæma ráðgjöf sem uppfyllir væntingar þeirra og stuðlar að aukinni ánægju.
- Vera öflugt þjónustu- og þekkingarfyrirtæki, sem eftirsótt er að starfa fyrir.
- Gæðastjórnunarkerfið sé vottað í samræmi við ÍST 9001 og virkni þess stöðugt bætt.
- Uppfylla allar lagalegar kröfur og aðrar kröfur sem gilda um starfsemina.

Starfrækt er gæðaráð sem samhæfir og stjórnar aðgerðum á sviði gæðamála.

Áhersla er lögð á að starfsmenn þekki og tileinki sér gæðastefnu fyrirtækisins.

Í rýni stjórnenda skilgreina stjórnendur viðeigandi gæðamarkmið í samræmi við gæðastefnuna.

Gæðamarkmið skulu vera mælanleg.